

Verklag við meðhöndlun á bráðum öndunarvegi á bráðamóttöku.

Bráðalæknar eru ábyrgir fyrir sjúklingum á bráðamóttöku. Í því felst að stýra og bera ábyrgð á meðferð sjúklinga þar til þeir eru lagðir inn á aðrar deildir og í ábyrgð annarra teyma. Svæfinga- og gjörgæslulæknar bera faglega ábyrgð á meðhöndlun bráðra öndunarvega.

Við útköll endurlífgunarteymis eða fjöláverkateymis á bráðamóttöku er bráðalæknir stjórnandi teymisins.

Í öllum tilvikum þar sem tryggja þarf öndunarveg á bráðamóttöku eða líklegt er að sjúklingur sé með ótryggan öndunarveg, skal vakthafandi sérfræðingur í svæfinga- og gjörgæslulækningum vera boðaður án tafa og skal hann koma á bráðamóttöku eins fljótt og auðið er.

Ávallt skal unnið samkvæmt gátlista Landspítala um meðhöndlun bráðra öndunarvega á bráðamóttöku (sjá gæðaskjal).

Stjórnandi læknir endurlífgunar- eða fjöláverkateymis ákveður ásamt vakthafandi sérfræðingi í svæfinga- og gjörgæslulækningum hver sinnir meðhöndlun á öndunarvegi.

Ef ágreiningur rís um hver skal sinna meðhöndlun öndunarvegar skal álit svæfingalæknis gilda.

Ef mat á sjúklingi gefur tilefni til að ætla að um erfiðan öndunarveg sé að ræða eða ef grunur er um COVID-19 sjúkdóm skal meðhöndlun öndunarvegs sinnt af vakthafandi sérfræðingi í svæfinga- og gjörgæslulækningum til að hámarka öryggi sjúklings og lágmarka útsetningu starfsfólks fyrir mögulegu smiti.

Í þeim tilfellum sem annar en sérfræðingur í svæfinga- og gjörgæslulækningum sinnir meðhöndlun öndunarvegs, skal svæfinga- og gjörgæslulæknirinn styðja og leiðbeina við inngripið.

Sérnámslæknar sinna ekki öndunarvegi á bráðamóttöku fyrr en þeir hafa lokið að minnsta kosti 6 mánaða námstíma á svæfinga- og gjörgæsludeild.

Janúar 2021

GT, HMB, JMK, KS, ÓV